

*Alþingi*

*Erindi nr. Þ 112 / 1011*

*komudagur 26 / 04 1990*

## **Ályktun**

Aðalfundur Félags Sambandsfiskframleiðenda, haldinn í Reykjavík miðvikudaginn 25. apríl 1990, lýsir yfir ánægju með að náðst hefur samkomulag um fjölmarg a veigamikla þætti um stjórn fiskveiða, eins og fram kemur í frumvarpi til laga, því sem nú liggur fyrir Alþingi.

Þar má til nefna að stjórnað verði með einni aðferð, án undantekninga og að lögin verði ótímasett. Þetta er að okkar mati grunduöllur þess að markmiðin um rekstrarhagkvæmni fiskveiðiflotans náist, eins og að er stefnt.

Hins vegar hefur ekki náðst samkomulag um ákvæði, sem tryggja rekstrarhagkvæmni fiskuinnsunnar, en það er ekki síður mikilvægt. Þá skortir í frumvarpið öll ákvæði um jafnræði innan sjávarútvegsins, en það getur leitt til ófyrirsjáanlegrar röskunar á byggð í landinu og atvinnuörggí.

Þess vegna skorar aðalfundurinn á háttvirt Alþingi að samþykkja fiskuinnslukvóta í samræmi við þær hugmyndir, sem lagðar voru fram í ráðgjafanefndinni um fiskveiðistjórn.